

Fimmtudaginn 26. október 1995.

Nr. 182/1995.

Ákærvaldið

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn

Sverri Hólm Reynissyni

(Páll Arnór Pálsson hrl.) og

Sigurjóni Sigurðssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Ávana- og fíkniefni. Játningarmál. Refsiákvörðun. Upptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. maí 1995 í samræmi við yfirlýsingar ákærðu um áfrýjun til endurskoðunar á ákvörðun viðurlaga, sbr. a-lið 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, svo sem ákvæðinu var breytt með 7. gr. laga nr. 37/1994, en meðákærði þeirra í héraði unir dómi. Er einnig áfrýjað af hálfu ákærvalds til þyngingar refsingu.

Ákærðu krefjast þess, að refsing þeirra samkvæmt héraðsdómi verði milduð.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur. Verða ákærðu dæmdir til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar málsins, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærðu, Sverrir Hólm Reynisson og Sigurjón Sigurðsson, greiði sameiginlega allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur. Þá greiði ákærðu hvor um sig skipuðum verjanda sínum, hæstaréttarlögmönnum Páli Arnóri Pálssyni og Hilmar Ingimundarssyni, 20.000 krónur hvorum í málsvarnarlaun fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 25. apríl 1995.

Ár 1995, þriðjudaginn 25. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem haldið er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Ingibjörgu Benediktsdóttur héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 357/1995: Ákærvaldið gegn Sverri Hólmi Reynissyni, Sigurjóni Sigurðssyni og X, sem tekið var til dóms 11. þ. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 7. mars sl., á hendur ákærðu, Sverri Hólmi Reynissyni, Öldugötu 12. Reykjavík, kt. 160268-4929, Sigurjóni Sigurðssyni, Melseli 14, Reykjavík, kt. 310564-3039, og X, „fyrir eftirgreind brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, framin á árinu 1994:

I.

Ákærða Sverri Hólmi er gefið að sök að hafa í febrúar keypt kókaín á Costa Rica og 2. mars flutt um 270 g efnisins hingað til lands í því skyni að selja það hér á landi með hagnaði, í fyrstu haft efnið í sínum vörslum á heimili sínu, en afhent síðan meðákærða Sigurjóni 215 g í söluskyni og selt sjálfur ákærða X 15 g fyrir 100.000 kr. Við handtöku 11. mars hafi hann átt eftir í vörslum sínum á heimili sínu 36,2 g efnisins, sem lagt var hald á ásamt 80.000 kr., sem ákærði hafði þá fengið frá meðákærða Sigurjóni vegna sölu hans á efninu.

II.

Ákærða Sigurjóni er gefið að sök að hafa 5. mars í Skeifunni 19, Reykjavík, tekið við 215 g af kókaíni af meðákærða Sverri Hólmi, sbr. I. lið, í því skyni að selja efnið fyrir meðákærða á 7–8000 kr. hvert gramm og fá fyrir í sinn hlut 1000 kr. fyrir hvert selt gramm. Hafi hann selt samtals 45 g ótilgreindu fólki og afhent meðákærða Sverri Hólmi 80.000 kr. sem hluta söluandvirðisins og við handtöku 11. mars haft eftir í vörslum sínum á heimili sínu 166,5 g af efninu, sem lagt var hald á.

III.

Ákærða X er gefið að sök að hafa 5. mars keypt 15 g af kókaíni af meðákærða Sverri Hólmi í Skeifunni 19, Reykjavík, fyrir 100.000 kr., sbr. I. lið, neytt hluta efnisins og við handtöku 11. mars verið með tæplega 0,1 g af því í fótum sínum og 13,6 g í vörslum sínum á heimili sínu.

IV.

Teljast framangreind brot ákærðu varða við 2. gr., sbr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, sbr. lög nr. 13/1985, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og með-

ferð ávana- og fíkniefna nr. 16/1986, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 177/1986, sbr. auglýsingu nr. 314/1981.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar.

Ákærði Sverrir Hólm verði jafnframt dæmdur til að sæta upptöku á 80.000 kr., sem hann aflaði með sölu á kókaíni, og enn fremur er þess krafist, að upptæk verði gerð samtals 216,4 g af ofangreindu kókaíni og 0,6 g af hassi og 0,3 g af tóbaksblönduðu hassi, sem lagt var hald á 11. mars. Um upptökukröfu er vísað til 5. og 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16/1986“.

Mál þetta var rekið samkvæmt 125. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Málavextir.

Í mars 1994 bárust ávana- og fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík upplýsingar þess efnis, að ákærði Sigurjón Sigurðsson væri að dreifa fíkniefnum. Upplýsingar þessar leiddu til þess, að hann var handtekinn 11. mars sama ár. Sýni voru tekin af 0,3 grömmum af tóbaksblönduðu hassi, sem fannst í skáp ákærða Sigurjóns sama dag, svo og 166,5 grömmum af kókaíni, sem hann framvísaði við húsleit á heimili sínu 12. mars 1994. Í niðurstöðu Rannsóknastofu í lyfjafræði er staðfest, að kókaín var í sýninu í formi kókaínklóríðs og auk þess laktósi. Magn kókaínklóríðs var 68%, er svarar til 61% kókaínbasa. Við frekari rannsókn kom í ljós, að vinnufélagi Sigurjóns, ákærði Sverrir Hólm Reynisson, var nýkominn frá Costa Rica í Mið-Ameríku. Var hann handtekinn á vinnustað 11. mars. Játaði hann mögularlaust, að hann hefði flutt inn kókaín til landsins frá Costa Rica. Við leit á honum fundust 117.000 krónur. Sama kvöld framvísaði hann 36,2 grömmum af kókaíni við húsleit á heimili sínu. Sýni af því var sent Rannsóknastofu í lyfjafræði. Samkvæmt niðurstöðu hennar er staðfest, að kókaín var í sýninu í formi kókaínklóríðs auk laktósa. Magn kókaínklóríðs var 67%, er jafngildir 60% kókaínbasa.

Rannsókn leiddi enn fremur í ljós, að ákærði X, sem var vinnufélagi meðákærðu, hafði fengið hluta efnisins. Var hann handtekinn á vinnustað sama dag og meðákærðu. Við leit í skáp hans þar fannst 0,1 gramm af kókaíni og 0,6 grömm af hassi. Sama kvöld var gerð húsleit á heimili hans. Áður en hún hófst, framvísaði hann 13,6 grömmum af kókaíni. Sýni af því var sent Rannsóknastofu í lyfjafræði. Samkvæmt niðurstöðu hennar er staðfest, að kókaín var í sýninu í formi kókaínklóríðs auk laktósa. Magn kókaínklóríðs var 69%, er svarar til 62% kókaínbasa.

Að öðru leyti er um málavexti vísað til lýsingar í ákæruskjali, en þar er rétt frá greint samkvæmt gögnum málsins.

Ákærðu voru yfirheyrðir hjá lögreglu og fyrir dómi. Hafa þeir allir skýlaust játað sakargiftir.

Ákærði Sverrir Hólm kvaðst hafa farið til Costa Rica í febrúar 1994 til að heimsækja þar kunningja, en þar hafði hann dvalist sem skiptinemi nokkrum árum áður. Kvaðst hann hafa velt því fyrir sér, áður en hann fór utan, að kaupa þar fíkniefni og selja, er heim væri komið, þar sem hann var mjög skuldugur. Þetta hafi hann fært í tal við meðákærða Sigurjón, vinnufélaga sinn, þar sem hann vissi, að Sigurjón þekkti menn, sem tengjast fíkniefnum. Hafi hann kynnt sér, eftir að hann kom út, hvort hann gæti keypt kókaín, og bað mann, sem hann þekkti, að útvega sér efnið. Hafi hann afhent manningnum 2.800 \$ og maðurinn látið hann hafa efnið, þó ekki allt. Efninu hafði hann pakkað í 110–120 smokka og gleypt þá alla, er hann fór af stað til Íslands. Hafi hann sett um 2 grömm í hvern smökk. Tveir smökkanna láku á leiðinni. Ákærði kvaðst hafa geymt efnið fyrst um sinn heima hjá sér. Hann hafi ekki vitað, hvernig hann ætti að losa sig við efnið, og því haft samband við vinnufélaga sinn, meðákærða Sigurjón. Sigurjón hafi sagt, að hann hefði sambönd, og lofað að losa hann við efnið. Sigurjón hafi fengið 215 grömm af efninu. Kvaðst ákærði hafa átt að fá 7.000–8.000 krónur fyrir grammið. Sigurjón hafi verið búinn að selja a. m. k. 15 grömm og afhenda ákærða andvirði þeirra, 80.000 krónur, sem hann var með á sér við handtöku. Þá viðurkenndi ákærði Sverrir Hólm einnig, að hann hefði afhent meðákærða X 15 grömm af efninu, og átti X að greiða honum síðar 100.000 krónur fyrir það. Ákærði hafi hins vegar ekki verið búinn að fá þá peninga, er hann var handtekinn. Ákærði Sverrir kvaðst hafa gert sér vonir um að fá um 1.500.000 krónur með sölu efnisins, svo að hann gæti losað sig úr skuldum sínum. Hann kvaðst hafa staðið einn að fjármögnun, kaupum og innflutningi efnisins.

Framburður ákærða Sigurjóns var í samræmi við framburð meðákærða Sverris Hólms. Hann kvað þá Sverri hafa rætt um hugsanleg kaup Sverris á fíkniefnum í þessari ferð skömmu fyrir brottför hans. Hann hafi fallist á að hafa samband við tvo menn, sem hann þekkti og tengdust fíkniefnum, en ákærði kvaðst ekki þora að segja til þeirra. Um hafi verið rætt, að hann fengi 1.000 krónur í sinn hlut fyrir sölu á hverju kókaíngrammi. Sverrir hafi rætt um að gleypta efnið, og færi efnismagn eftir því, hversu mikið hann gæti gleypt. Um miðjan febrúar hafi Sverrir hringt í sig og sagt, að hann væri búinn að fá 400 grömm af efninu. Þá hafi hann að nýju haft samband við væntanlega kaupendur efnisins. Hafi hann sótt Sverri við komu hans til Keflavíkurflugvallar og Sverrir tjáð sér, að hann hefði fengið minna efni en hann fyrst taldi, og taldi sig hafa gleypt um 300 grömm. Daginn eftir hafi

Sverrir komið með efnið á vinnustað þeirra og rætt við þá meðákærða X um efnið. Þá fyrst hafi hann vitað, að X væri með í þessu. Daginn eftir hafi Sverrir komið með efnið og vegið það í víðurvist þeirra X. Hafi hann fengið 215 grömm af því, en X 15 grömm. Í sömu viku hafi hann afhent öðrum mannanna, sem ætluðu að kaupa efnið, 45 grömm þess, fyrst 15 grömm og síðar 30 grömm. Hann hafi fengið greitt andvirði 15 grammanna, 80.000 krónur, og afhent meðákærða Sverri þá fjárhæð. Sverrir hafi verið í fjárhagsvandráðum, og því kvaðst ákærði ekki hafa tekið þóknun fyrir þessi 15 grömm. Hin 30 grömm hafi hann afhent „upp á krít“ og enga greiðslu fengið fyrir þau. Um hafi verið rætt, að Sverrir hefði átt að fá 7.000–8.000 krónur fyrir hvert selt gramm, en af þeirri fjárhæð hefði ákærði átt að fá 1.000 krónur í þóknun.

Ákærði X hefur játað sakargiftir á hendur sér. Er framburður hans í samræmi við framburð meðákærða. Með skýlausri játningu allra ákærðu, niðurstöðum efnagreiningar Rannsóknastofu í lyfjafræði og öðrum gögnum málsins þykir sannað, að þeir hafa gerst sekir um þá háttsemi, sem þeim er að sök gefin í ákæru og þar er réttilega heimfærð til refsíákvæða.

Samkvæmt sakavottorði ákærðu hafa þeir ekki hlotið refsingu fyrir brot, sem hér skipta máli við ákvörðun refsingar, að því undanskildu, að ákærði X gekkst undir dómsátt árið 1991 vegna brots gegn ávana- og fíkniefnalögum.

Ákærði Sverrir Hólm flutti inn mikið magn af hættulegum fíkniefnum í söluskyni. Brot hans var skipulagt og brotaviljinn einarður. Ákærði Sigurjón tók við miklu magni framangreindra fíkniefna í því skyni að selja það öðrum gegn gjaldi. Hins vegar játuðu báðir brot sín greiðlega, og þeir hafa bætt lífsemi sitt. Þegar þetta er virt svo og það, að nokkur dráttur hefur orðið á málinu við meðferð þess hjá ríkissaksóknara, sem ákærðu eiga enga sök á, þykir refsing ákærða Sverris Hólms hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár og sex mánuði, en ákærða Sigurjóns fangelsi í tvö ár. Frá refsingu ákærða Sverris Hólms ber að draga gæsluvarðhaldsvist hans dagana 12. mars kl. 21.10 til 18. mars kl. 21.50, samtals sjö daga, og frá refsingu ákærða Sigurjóns ber að draga gæsluvarðhaldsvist hans dagana 12. mars kl. 18.45 til 18. mars kl. 22.55, samtals sjö daga.

Refsing ákærða X þykir hæfilega ákveðin 300.000 króna sekt til ríkissjóðs, enda er hann einvörðungu ákærður fyrir vörslur efnisins. Vararefsing er ákveðin 45 daga varðhald.

Með vísan til 5. mgr. og 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16/1986 um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna er ákærði Sverrir Hólm dæmdur til að sæta upptöku á 80.000

krónum, sem var hagnaður af sölu 15 gramma kókaíns, en peningarnir fundust við leit lögreglu í fataskáp hans á vinnustað hans, og var hald á þá lagt. Þá skal og með vísan til framangreindra lagaákvæða gera upptæk samtals 216,4 grömm af kókaíni, 0,6 grömm af hassi og 0,3 grömm af tóbaksblönduðu hassi, en hald var lagt á fíkniefni þessi við rannsókn málsins og sýni þeirra send í efnagreiningu, svo sem að framan er lýst.

Ákærði Sverrir Hólm er dæmdur til að greiða skipuðum verjanda sínum, Páli A. Pálssyni hæstaréttarlögmanni, 15.000 krónur í þóknun. Ákærði Sigurjón er dæmdur til að greiða skipuðum verjanda sínum, Brynjari Níelssyni héraðsdómslögmanni, 15.000 krónur í þóknun, og ákærði X er dæmdur til að greiða skipuðum verjanda sínum, Sigurbergi Guðjónssyni héraðsdómslögmanni, 15.000 krónur í þóknun.

Annar sakarkostnað eru ákærðu dæmdir til að greiða óskipt.

D ó m s o r ð:

Ákærði Sverrir Hólm Reynisson sæti fangelsi í 2 ár og 6 mánuði, en frá refsingunni dragist 7 daga gæsluvarðhaldsvist hans.

Ákærði Sigurjón Sigurðsson sæti fangelsi í 2 ár, en frá refsingunni dragist 7 daga gæsluvarðhaldsvist hans.

Ákærði X greiði 300.000 króna sekt í ríkissjóð innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja, en sæti ella varðhaldi í 45 daga.

Ákærði Sverrir Hólm sæti upptöku á 80.000 krónum.

Upptæk skulu gerð samtals 216,4 grömm af kókaíni, 0,6 grömm af hassi og 0,3 grömm af tóbaksblönduðu hassi, er hald var lagt á við rannsókn málsins.

Ákærði Sverrir Hólm greiði skipuðum verjanda sínum, Páli A. Pálssyni hæstaréttarlögmanni, 15.000 krónur í þóknun. Ákærði Sigurjón greiði skipuðum verjanda sínum, Brynjari Níelssyni héraðsdómslögmanni, 15.000 krónur í þóknun, og ákærði X greiði skipuðum verjanda sínum, Sigurbergi Guðjónssyni héraðsdómslögmanni, 15.000 krónur í þóknun.

Annar sakarkostnað eru ákærðu dæmdir til að greiða óskipt.